

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands

---

### ***Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um skráningu rasískra atvika í skólum***

Skóla- og frístundaráð felur skóla- og frístundasviði að byrja að formlega skrá rasísk atvik og rasíska orðræðu sem fer fram innan skóla borgarinnar. Mikilvægt er að vel sé haldið utan um umfang og tíðni slíkra atvika svo að hægt sé að bregðast við.

#### **Greinargerð:**

Rasísk atvik eru ekki formlega skráð í skólasterfi borgarinnar. Mikilvægt er að fylgjast með slíkum atvikum svo að halda megi utan um tölfræðina og bregðast við því. Halda verður utan um slík atvik og bregðast vel við svo að það lendi ekki á herðum barna og fjölskyldna þeirra.